

# Aðalfundur Símans hf.

Verður haldinn fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 16:00

að Nauthól við Nauthólsvík

## Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings samstæðu og móðurfélags og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins í tengslum við skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd og breyting á starfsreglum tilnefningarnefndar.
5. Kosning einstaklinga í tilnefningarnefnd.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra sem og þóknun nefndarmanna í undirnefndum og í tilnefningarnefnd.
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
10. Tillaga um lækkun á hlutafé og breytingu á samþykktum félagsins.
11. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
12. Önnur mál.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins varða greinar 10.12, 11.2 og 11.4, en allar breytingarnar lúta að því að gera breytingar á skipan tilnefningarnefndar þannig að allir þrír nefndarmenn verði kjörnir á hluthafafundi. Þá er lagt til sú breyting að stjórn tilnefni aðila í nefndina þegar boðað er til aðalfundar og að hluthafar geti komið með tilnefningar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Enn fremur er lögð til breyting á grein 4.1 vegna lækkunar á hlutafé félagsins.

Þá er lögð til breyting á viðauka við samþykktir sem tengjast heimild til kaupa á eigin hlutum félagsins.

**Stjórn Símans hf.**

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þar á meðal skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir fundinn, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins <https://www.siminn.is/umsimann/fundir>